



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn velferðarráðs um framkvæmd tillögu um húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs

Þann 6. desember 2024 lagði velferðarráð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á fundi velferðarráðs þann 2. nóvember 2022 var samþykkt tillaga ráðsins þar sem velferðarráð fól velferðarsviði í samráði við Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar að finna hentugra og hagkvæmara húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs til að brúa bilið þar til framtíðarhúsnæði sem er á fjárfestingaráætlun er tilbúið. Nú tveimur árum síðar er ekki komið húsnæði og því óskar velferðarráð eftir svörum um það hver staðan á nýju Mánabergi er og hvers vegna það gekk ekki upp að tryggja það húsnæði sem var verið að horfa til. Einnig er óskað eftir aðgerðaaætlun velferðarsviðs sem útlistar áætlun sviðsins til að opna Mánaberg í nýju húsnæði í síðasta lagi fyrir lok apríl 2025. Ótækt er að draga það að opna Mánaberg lengur en tekið hefur til þessa.

Svar:

Allt frá árinu 2022 hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar verið í stöðugu sambandi við Félagsbústaði og Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar varðandi leit að hentugu húsnæði fyrir vistheimilið Mánaberg til þess að brúa bilið þar til framtíðarhúsnæði sem er á fjárfestingaráætlun verður tilbúið.

Um mitt ár 2024 fannst húsnæði í austurhluta Reykjavíkur sem uppfyllti kröfur sviðsins og Barnaverndar en hverfisSKIPULAG stóð í vegi fyrir kaupum á eigninni þ.e. bílastæðamál sem og umfang starfseminnar innan íbúðahverfisins. Þau áform gengu að lokum ekki eftir þar sem ekki tókust samningar við eiganda hússins og ekki tókst að tryggja nægt fjármagn til verkefnisins.

Í kjölfarið hélt leit að hentuðu húsnæði áfram og snemma árs 2025 hófst undirbúningur þess að taka á leigu 653,7 m² húsnæði á 3. hæð við Efstaland 26 í Fossvogi. Breyta þurfti deiliskipulagi þar sem Barnavernd Reykjavíkur telst stofnun og tók ferli það umtalsverðan tíma. Samþykkt var á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 2. apríl 2025, og á fundi borgarráðs 8. maí 2025, að auglýsa breytingu á deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsingartími stóð svo yfir í 6 vikur.





Á meðan þessu ferli stóð var fundin tímabundin lausn þegar tekið var á leigu húsnæði að Bröndukvísl og fluttist starfsemi vistheimilisins Mánabergs þangað um vorið 2025.

Leigusamningur vegna leigu í Efstalandi var samþykktur í borgarráði 6. nóvember 2025. Gildistími samningsins er til fimm ára, frá 1. janúar 2026 til ársloka 2030. Starfsleyfi vegna starfseminnar var í auglýsingu hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur frá 18. desember 2025 til 15. janúar 2026. Þann 3. mars 2026 lá fyrir staðfesting frá byggingarfulltrúa vegna notkunar húsnæðisins og þann 5. mars 2026 veitti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur starfsleyfi til 12 ára með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga.

Starfsemi vistheimilisins Mánabergs fluttist í Efstaland 26 í marsmánuði 2026, með formlegri opnun 20. mars. Áfram er gert ráð fyrir Birkihlíð sem framtíðarhúsnæði fyrir vistheimili barna, skv. fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar og er vinna hafin varðandi þarfagreiningu húsnæðisins.



Reykjavík